

## Fundargerð háskólaráðs 259. fundur þann 15. nóvember 2007

Rektor setti fund kl. 13:00.

Mættir voru auk hans:

Guðbrandur Sigurðsson fulltrúi menntamálaráðherra  
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda  
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands  
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor og brautarstjóri framhaldsbrautar í kennaradeild  
Jóna Jónsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarviðs  
Kristín Aðalsteinsdóttir deildarforseti kennaradeildar

- 
- 1. Fundargerð 258. fundar**  
Fundargerð síðasta fundar háskólaráðs var samþykkt.
  - 2. Rekstraryfirlit janúar – október 2007**  
Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar – október 2007. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 921,64 m.kr. (85,85% af áætlun ársins) þar af 518,75 m.kr. vegna kennsludeilda.
  - 3. Undirbúningur rekstraráætlunar 2008**  
Ólafur gerði grein fyrir vinnu við rekstraráætlun 2008. Reiknað er með að áætlunin verði lögð fram í háskólaráði fyrir áramót.
  - 4. Viðræður við menntamálaráðuneyti um kennslu- og rannsóknasamning**  
Rektor gerði grein fyrir viðræðum við menntamálaráðuneytið um gerð kennslu- og rannsóknasamnings. Engar athugasemdir voru gerðar.
  - 5. Staða byggingaframkvæmda**  
Eins og fram kom á síðasta fundi háskólaráðs bárust fjögur tilboð í byggingu IV áfanga byggingaframkvæmda á Sólborg. Rektor greindi frá því að ákveðið hefði verið að hafna öllum tilboðum og bjóða tilboðsaðilum upp á samningskaup. Tveir af verktökunum hafa verið dæmdir úr leik þar sem við nánari athugun kom í ljós að þeir höfðu ekki þá reynslu sem krafist var skv. útboðsgögnum. Það eru fyrirtækin Ístak hf. og Tréverk ehf. sem standa eftir og verður gengið til samningskaupa við þau með minniháttar breytingum á útboðsgögnum.
  - 6. Samstarfssamningur HA, HÍ og RES**  
Rektor kynnti samstarfssamning HA, HÍ og RES sem undirritaður var 12. október sl. Háskólaráð staðfesti samninginn.
  - 7. Dómnefndarálit**  
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir fulltrúi í dómnefnd HA kom inn á fund og gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Elíнар Diónnu Gunnarsdóttur til að hljóta framgang úr starfi lektors í starf dósents við HA.

Háskólaráð staðfesti dómnefndarálitid.  
Guðríður yfirgaf fund.

**8. Reglur um háskólafund HA**

Háskólaráð samþykkti drög að reglum um háskólafund HA.

**9. Reglur um skipun vísindaráðs**

Frestað.

**10. Skipulag kennsluréttindanáms**

Fyrir fundinum lá erindi frá nemendum í kennsluréttindum með bakkalár- og meistaraáráðu þar sem þau lýsa yfir óánægju sinni með að vera gert að taka námið á meistarastigi. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Kristín Aðalsteinsdóttir komu inn á fund og gerðu grein fyrir málinu. Háskólaráð ákvað að veita nemendum heimild til að skrá sig úr námskeiðum á meistarastigi og fól rektor að svara þeim á grundvelli þess og umræðna á fundinum um hvernig staðið verði að því. Ingólfur og Kristín yfirgáfu fund.

**11. Tillögur um breytingu á almanaki HA**

Jóna Jónsdóttir kom inn á fund og gerði grein fyrir tillögum um breytingar á almanaki háskólans. Háskólaráð samþykkti að tveir umsóknarfrestir verði í framhaldsnám við háskólann. Fyrri umsóknarfrestur verður 15. apríl 2008 og sá síðari 5. júní. Þeir sem sækja um á fyrri umsóknarfresti verði svarað fyrir 1. maí og þeim sem sækja um síðar verði svarað fyrir 20. júní. Einnig var samþykkt að fresta Opnu húsi til 29. mars 2008.

**12. Ársskýrsla siðanefndar HA**

Lögð var fram til kynningar Ársskýrsla siðanefndar HA fyrir starfsárið 2006–2007.

**13. Skipun umhverfisráðs**

Frestað.

**14. Skipun vefstjórnar**

Frestað.

**15. Skipun öryggisnefndar**

Háskólaráð samþykkti skipun eftirtalinna fulltrúa í öryggisnefnd háskólans:

Hrefna Kristmannsdóttir prófessor, fulltrúi starfsmanna  
Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður, án tilnefningar  
Kristjana Fenger lektor, án tilnefningar  
Viðar Sigmarsson tæknimaður, fulltrúi starfsmanna  
Til vara:  
María Steingrimsdóttir lektor, fulltrúi starfsmanna  
Sólveig Ása Árnadóttir lektor, án tilnefningar

Matthías Henriksen umsjónarmaður starfar með nefndinni.

**16. Önnur mál**

16.1 Fyrir fundinum lá frumvarp til laga um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands sem sent var háskólanum til umsagnar. Háskólaráð fól rektor að svara á grundvelli umræðna á fundinum.

16.2 Lagðar voru fram til fróðleiks samþykktir Eyþings frá aðalfundi 2007.

16.3 Lögð var fram ályktun sem viðskipta- og raunvísindadeild gerði á fundi sínum þann 14. nóvember sl. Þar skorar deildin á háskólaráð að breyta skipulagi deildarinnar þannig að frá næstu áramótum verði stofnaðar við deildina tvær skorir, viðskipta- og

raunvísindaskor. Væri það til samræmis við nýsamþykkt skipulag hug- og félagsvísindadeildar. Háskólaráð samþykkti að óska eftir tillögu frá deildinni um skipulag miðað við þessa skorarskiptingu.

16.4 Lagður var fram samningur (Memorandum of Understanding) milli HA, BioPol ehf. og The Scottish Association for Marine Science í Oban í Skotlandi sem undirritaður var 2. nóvember sl. Háskólaráð staðfesti samninginn.

16.5 Þóroddur spurðist fyrir um hvernig yrði staðið að vali á deildarforseta hug- og félagsvísindadeildar. Rektor sagði að boðað yrði til fundar með félagsvísinda- og lagadeild og kennaradeild þar sem deildirnar greiddu sameiginlega atkvæði um deildarforseta.

16.6 Hjálmar spurðist fyrir um hvernig staðið yrði að eftirfylgni við einkunnaskil kennara. Ákveðið var að beina því til gæðaráðs að reglum um einkunnaskil verði framfylgt og ákveðinn aðili innan skólans verði látinn fylgja því eftir.

16.7 Hjálmar vakti máls á erfiðleikum sem skapast af fléttukennslu í lögfræði í félagsvísinda- og lagadeild. Háskólaráð tók undir orð Hjálmars og mælti með að laganemar sendi deildarforseta skriflega greinargerð um málið.

16.8 Hjálmar vakti máls á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem kom út fyrir á árinu kemur fram að 10% starfsmanna HA telja sig hafa orðið fyrir einelti. Rektor sagði að það hefði verið haldinn opinn starfsmannafundur fyrir í mánuðinum og þar hafi verið fjallað um málið og það væri í skoðun.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:00